



Leifsgata 22 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / bílastæði á lóð – USK23120059


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Ingibjargar Baldursdóttur, dags. 6. desember 2023, um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 22 við Leifsgötu um tvö, samkvæmt afstöðumynd/skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, Leifsgata 22



Samþykkt, Afstöðumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Leifsgötu 22 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB12 Skólavörðuholt. Í Aðalskipulaginu er svæðið skilgreind sem hverfisverndarsvæði innan Hringbrautar. Í Aðalskipulagi sendur m.a. um hverfisvernd innan Hringbrautar „Að varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan stað í alþjóðlegu samhengi – varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg og byggingarlistarleg einkenni. Að við þróun byggðar innan svæðisins verði gætt ítrustu varúðar og meginmarkmiðum borgarverndarstefnu fylgt í hvívetna. Ekki skal raska hinu sögulega gatnaskipulagi, skipan byggingarreita og opinna rýma né lóðaskipan.“

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi.

Umsögn

Óskað var eftir í fyrirspurn að fjölga bílastæðum inn á lóð Leifsgötu 22, ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þetta svæði. Á samþykktu mæliblaði og á aðaluppdrætti er engin bílastæði sýnd inn á lóðinni eða skilgreind aðkoma en á afstöðumynd er sýnd bílageymslu sem er staðsett aftast á lóðinni og fylgir eignarhluta á fyrstu hæð. Miðað við tillöguna verður fjöldi stæða inni á lóðinni meiri en viðmiðunarfjöldi stæða fyrir lítið fjölbýlishús skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar og ekki í samræmi við samþykktu uppdrætti í byggingarreglugerð. Fjölgun bílastæða inn á lóð hefur einnig þau áhrif að það þarf að þvera göngu- og hjólastíginn á þremur stöðum, gera auka niðurtekt á kantstein fyrir breiðari aðkomu inn á lóðina og auk þess mun almennum bílastæðum fækka í borgarlandi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er almennt er sú stefna að draga úr notkun einkabilsins og fækka bílastæðum, sérstaklega í miðborginni þar sem stutt er í þjónustu og almenningsamgöngur, svæði er einnig hverfisverndað og tillagan samræmist ekki ásýnd heildaryfirbragði hverfissins og götumynd þess.

Niðurstaða Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir, landslagsarkitekt/verkefnastjóri